

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi áheyrnarfulltrúa Samtaka sjálfstætt rekinna skóla í skóla- og frístundaráði*

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi tillögu á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. júní 2019:

Skóla- og frístundaráð beinir því til forsætisnefndar að breyta samþykkt um ráðið á þá leið að Samtökum sjálfstætt rekinna skóla verði heimilað að skipa áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð. Eðlilegt er að sjálfstætt starfandi skólar sem sinna lögbundnum verkefnum sem ráðið hefur eftirlitsskyldur með hafi áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins.

Í 4. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð er fjallað um skipan skóla- og frístundaráðs. Þar kemur fram í 3. mgr. 4. gr. að fulltrúar skólastjóra í leik- og grunnskólum, kennara í grunnskólum, starfsmanna í leikskólum og foreldra í leik- og grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna eiga einnig rétt tilsetu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Skv. 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 kjósa leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skulu skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Með vísan til framangreinds eiga áheyrnarfulltrúar í skóla- og frístundaráði lögbundinn rétt til setu í ráðinu að undanskyldum fulltrúum stjórnenda frístundamiðstöðva og fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna.

Í skóla- og frístundaráði eru nú 7 fulltrúar kjörnir af borgarstjórn og 8 áheyrnarfulltrúar auk þess situr sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, framkvæmdastjórn og ritari skóla- og frístundaráðs fundi ráðsins. Að jafnaði sitja því 24 fundi skóla- og frístundaráðs.

Skóla- og frístundasvið greiðir lögbundið framlag til 6 sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík. Samningur hefur verið gerður um greiðslu framlags til 18 sjálfstætt rekinna leikskóla í Reykjavík. Jafnframt eru í Reykjavík um 130 dagforeldrar auk þess sem gerður hefur

verði þjónustusamningur við 17 tónlistarskóla með neðri stig í Reykjavík skv. þjónustusamningi.

Fram fór könnun á áheyrn Samtaka sjálfstætt rekinna skóla í leikskóla- og skólanefndum á Akureyri, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavog. Í ljós kom að ekki er um slíkt að ræða.

Upplýst er um að tillaga um að Samtökum sjálfstætt rekinna skóla verði heimilað að skipa í áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð var lögð fram á fundi ráðsins þann 12. ágúst 2015. Tillagan var felld með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugavallarvina sat hjá.